

Mánudaginn 27. mars

Kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3

101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 21. febrúar 2023 samþykkt.
2. Tillögur matsnefnda Myndlistarsjóðs, fyrri úthlutun 2023
 - Matsnefndir hafa lokið störfum. Sjóðnum bárust 274 umsóknir og sótt var um fyrir tæplega 335 milljónir kr.

Umsóknir	Flokkar	Samtals sótt um	%
52	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	85.707.319	26%
52	Undirbúningsstyrkir	58.202.800	17%
170	Sýningarverkefni	191.041.579	57%
274		334.951.698	100%

- Fyrir hönd myndlistarráðs sátu í nefndunum: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Gestir í matsnefnd voru: Nikulás Stefán Nikulásson og Auður Mikaelisdóttir.
- Fulltrúar í matsnefnd kynna niðurstöður nefnda. Mjög margar umsóknir bárust, sérstaklega í sýningarverkefni og var nefndin þar af leiðandi lengi að fara yfir.
- Allir ráðsmenn samþykkja tillögur matsnefnda sem skiptist á eftirfarandi vegu:

Styrkhafar	Úthlutað	%	Árangurs- hlutfall
14	8.000.000	25%	9%
14	5.000.000	16%	9%
33	19.000.000	59%	10%
61	32.000.000	100%	

- Meðal sýningarverkefna sem hlutu styrk eru myndlistartvíæringurinn Sequences, sýningarröðin SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR og gjörningadagskrá Kling & Bang.
- Í flokki útgáfustyrkja hlaut m.a. Safnasafnið, Eirormur, Hafnarborg, Kling & Bang, Listasafn Reykjavíkur auk annarra.

- Undirbúningsstyrk hlutu m.a. Heiðar Kári Rannversson Heimsendi Menningarfélag Óskarsbragga, Ágústa Björnsdóttir, Björk Viggósdóttir, Guðjón Bjarnason og Tara Njála Ingvarsdóttir.
3. Nýtt merki myndlistarsjóðs
- Farið yfir tvær mismunandi tillögur frá Studio Studio.
 - Myndlistarráð samþykkir að þiggja fyrri tillöguna og þakkar Myndlistarmiðstöð kærlega fyrir milligöngu.
4. Myndlistarverðlaunin, fyrirkomulag viðurkenninga
- Rætt um afhendingu myndlistarverðlaunanna sem fóru fram 16. mars í lðnó. Viðburðinn var vel heppnaður og góð stemmning. Mikill samhugur í gestum og skapast hefur vettvangur þar sem mismunandi kynslóðir koma saman. Rætt um að stærri húskynni þurfi á næsta ári.
 - Rætt um að bæta mætti fjölmiðlaumfjöllun.
 - Rætt um fyrirkomulag við val á viðurkenningum. Ákveðið að dómnefnd muni framvegis ákveða viðurkenningu fyrir útgáfu, áhugaverðustu samsýninguna og áhugaverðasta endurlitið. Þóknun til dómnefndar helst sú sama. Myndlistarráð mun áfram ákvarða hver hlýtur heiðursviðurkenningu.
5. Kostnaðaráætlun fyrir 2023
- Auður Jörundsdóttir kynnrir.
 - Til ráðstöfunar er 76.900.000 kr. Fastur kostnaður, úthlutanir og myndlistarverðlaun samtals 76.893.629 kr.
 - Kostnaðaráætlun samþykkt með fyrirvara um launahækkanir. Endurskoða þarf í haust, eftir að stéttarfélag BHM hefur samið.
6. Myndlistarstefna til 2030
- Rætt um stöðuna á myndlistarstefnunni. Stefnan fer í aðra umræðu bráðlega, með breytingum úr nefnd ef þær eru einhverjar. Þá er ferlinu lokið og í kjölfarið verður stefnan kynnt. Einnig rætt að stefnan er hugsuð fyrir samfélagið og að aðgerðirnar uppfærast reglulega.
7. Önnur mál
- Úthlutunarathöfn: rætt um hvort skipuleggja eigi úthlutunarathöfn. Ákveðið að gera það ekki að svo stöddu.
 - ISCP gestavinnustofudvöl: opnað verður fyrir umsóknir næstkomandi miðvikudag. Umsóknarfrestur til 8. maí. Í kjölfarið fer myndlistarráð yfir umsóknirnar og velur fimm umsóknir sem verða sendar til ISCP. Búast má við niðurstöðu í ágúst.
 - Innsend gögn: Myndlistarsjóði barst bréf frá Sollu, ekkert eftirnafn, í gegnum Anonymousemail. Áframsend til ráðsmanna.
 - Næsti fundur verður haldin 15. maí kl. 15:00.